

og dráttarbraut; í Framkaupstað: 4 geymslu- og sjóhús neðan götu og ofan götu, 46 verkstæðis-, geymslu- og skrifstofubýgging Snæfells h.f. og Framkaupstaðartúni. 6. maí

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

47

14. maí

um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka.

1. gr.

Samkvæmt fyrirætlum í 12. gr. laga nr. 92 24. desember 1955, um laun starfsmanna ríkisins, og að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka.

I. Í fyrsta launaflokki, er svarar til VI. launaflokks nefndra launalaga, skulu vera þessi læknishéruð:

- | | |
|--------------------------|----------------------------|
| 1. Álafosshérað | 20. Raufarhafnarhérað |
| 2. Akraneshérað | 21. Þórshafnarhérað |
| 3. Kleppjárnsreykjahérað | 22. Vopnafjarðarhérað |
| 4. Búðardalshérað | 23. Norður-Egilsstaðahérað |
| 5. Reykhólahérað | 24. Austur-Egilsstaðahérað |
| 6. Flateyjarhérað | 25. Bakkagerðishérað |
| 7. Bildudalshérað | 26. Búðahérað |
| 8. Flateyrahérað | 27. Djúpavogshérað |
| 9. Suðureyrahérað | 28. Hafnarhérað |
| 10. Bolungarvíkurhérað | 29. Kirkjubæjarhérað |
| 11. Ísafjarðarhérað | 30. Víkurhérað |
| 12. Súðavíkurhérað | 31. Vestmannaeyjahérað |
| 13. Djúpavíkurhérað | 32. Hvolshérað |
| 14. Höfðahérað | 33. Helluhérað |
| 15. Hofsóshérað | 34. Laugaráshérað |
| 16. Siglufjarðarhérað | 35. Hveragerðishérað |
| 17. Grenivíkurhérað | 36. Keflavíkurhérað |
| 18. Breiðumýrahérað | 37. Hafnarfjarðarhérað |
| 19. Kópaskershérað | 38. Kópavogshérað |

II. Í öðrum launaflokki, sem svarar til VII. launaflokks launalaga, skulu vera þessi læknishéruð:

- | | |
|-----------------------|----------------------|
| 1. Borgarneshérað | 7. Ólafsfjarðarhérað |
| 2. Ólafsvíkurhérað | 8. Dalvíkurhérað |
| 3. Stykkishólmshearáð | 9. Húsavíkurhérað |
| 4. Þingeyrahérað | 10. Eskifjarðarhérað |
| 5. Hólmasvíkurhérað | 11. Selfosshérað |
| 6. Hvammstangahérað | 12. Eyrarbakkahérað |

- 47 III. Í þriðja flokki, er svarar til X. launaflokks launalaga, skulu vera þessi læknis-
 14. maí héruð:
- | | |
|------------------------|-----------------------|
| 1. Patreksfjarðarhérað | 4. Seyðisfjarðarhérað |
| 2. Blönduóshérað | 5. Neshérað |
| 3. Sauðárkrókhérað | |

2. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1958. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 107 30. júlí 1956.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 14. maí 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Baldur Möller.

- 48 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð dr. Victors Urbancic,
 17. maí hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms-
 málaráðherra 17. maí 1958.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð dr. Victors Urbancic hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður dr. Victors Urbancic.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Þjóðleikhússkórnum, til minningar um dr. Victor Urbancic fyrsta hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins og stjórnanda Þjóðleikhússkórsins, með kr. 5600.00 framlögum, sem þakklætisvott fyrir ómetanlegt og heilla-
 drjúgt starf hans.

3. gr.

Þjóðleikhússkórinn mun leitast við, ef nokkur tók eru á, að halda einn samsöng árlega, opinberlega eða í útvarp, helzt um eða á dánardegi dr. Victors Urbancic ef fært reynist, eða þá fyrir eða síðar á árinu eftir því hvernig verkefnum kórsins er háttað hjá Þjóðleikhúsinu, og láta ágóða af þeim samsöng renna óskertan í minningarsjóðinn.

Eignir þær, sem sjóðnum kunna að áskotnast, svo sem gjafir, áheit, ágóða af þessum eða öðrum hljómlækjum eða skemmtunum, eða þá á einhvern annan hátt, skulu lagðar við höfuðstól sjóðsins, og lúta lögum þeim og reglum, sem þessi skipulagsskrá mælir fyrir um.

4. gr.

Markmið sjóðsins er, að styrkja lækni til sérnáms í heila- og taugaskurðlækningum (Nevre-kirurgi), þar sem sérmenntaður læknir í þessari grein lækninga var ekki til hér á landi til að veita dr. Victor Urbancic hjálp.